

## Fia Dahlstöð

Jólin er mikilvæg hátíð í Finnlandi. Þar eru haldnir jólamarkaðir í öllum borgum og bæjum og stressið sem fylgir því að ljúka öllu á tilsettum tíma er raunverulegt og eykst er nær dregur jólum.

Bls. 6



## Tölfræði

### fáranleikans

Arsenal gjarnan kallaðir Skyttarnar (e. The Gunners) eru talsvert niðurlægðar í tölfræði fáranleikans.

Bls. 3



# Litli Hver

Gleðilegt nýtt ár 2022

01. töl. 2022



# Áramótabanki

Enn á ný hefur ár runnið sitt skeið og margþráð nýjár fyrir óþreyjufulla bankað upp á og verið hleypt inn. Þegar litid er yfir árið sem nú er liðið hefur margt jákvætt rekið á fjörur klúbbsins. Slíkt hefur elft hann í baráttunni við að sinna þeirri skyldu sinni að efla hag geðsjúkra. Á hinn bóginn þá hefur ekkert stóráfall orðið svo að við megum vel við una.

Því miður varð að loka klúbbum um jólin og fram yfir áramót þar sem klúbbfélagi smitaðist af covid en hann hafði komið í klúbbum þá þegar smitaður. Sem betur fer veiktust ekki fleiri svo vitað sé, en fólk varð að fara í sóttkví og smitgát vegna þessa.


Lífið er sum sé ekki alltaf dans á rósum, því við þurfum að berjast fyrir hverri krónu sem þarf til að halda uppi sómasmlegu starfi til heilla fyrir félagi.

Klúbburinn hefur og verið undir-mannaður til margra ára og ljóst að þeir sem halda um og útdeila fjármagninu hafa ekki gætt, hvorki sanngirni né réttlætis við þá útteilingu. Vonandi að þau stjónvöld sem nú sitja fersk en samt með fjögurra ára setusár á valdastólum lofi klúbbum að njóta þess á árinu með auknu fé.

En þrátt fyrir óáran og pestargufur sem sigla um heiminn sem aldrei fyrr, þá hefur starf Geysis borið góðan ávöxt og merkilegt hversu hægt hefur verið að halda sambandi við félagi og halda úti vinnumiðudum degi. Við fögnum því líka hversu meðvitaðir félagar eru um sóttvarnir og viðbrögð á slíkum tímum. Aðeins er vitað um þrjá félagi sem hafa fengið covid og hafa náði góðri heilsu á ný.

Á nýju ári lítum við bjartsýn fram á veginn og höldum áfram því góða starfi sem unnið er í Geysi. Félögum fjölgar og samstaðan í hópnum er til marks um að saman getum við velt þungum byrðum. Við erum ekki ein. Gleðilegt nýtt ár 2022

**Benedikt Gestsson**



Mynd: <https://www.ruv.is/ibrennidpili/covid-19>

## Covid setti strik í jóladagskrá klúbbsins

Vegna covidsmits sem greindist hjá félagi í klúbbum var ákveðið að loka starfseminni um hríð á meðan að beðið var eftir niðurstöðum skimanna og smitrakningateymis. Sem betur fer voru engir aðrir félagar smitaðir en nokkrir fóru sóttkví. Þegar þetta er ritað er ekki vitað af neinum frekari smitum. Í framhaldinu var samt ákveðið að loka klúbbum fram yfir áramótin.

Í ljósi fjölgunar smita hefur nú verið ákveðið að stytta opnunrtíma klúbbsins frá 10.00 til 15.00 í janúar 2022. Eldhúsið verður lokað út janúar og enginn morgunmatur í boði. Minnum á allar sóttvarnir, 2 metra regluna, sprittun og handþvott. Fylgist með á samfélagsmiðlum

## Litli Hver

Útgefandi: Klúbburinn Geysir. Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Helgi Halldórsson, Kári Ragnars, Benedikt, Sigga Nanna, Fannar Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166 [www.kgeysir.is](http://www.kgeysir.is). Facebook: Klúbburinn Geysir Instagram: [klubburinn\\_geysir](https://www.instagram.com/klubburinn_geysir)

KLUBBURINN  
**GEYSIR** | 20 ÁRA



## Tölfræði fíranleikans

Fjöldi Arsenal leikmanna á HM

1950	21	1
1954	22	0
1958	22	0
1962	22	1
1966	22	1
1970	22	0
1982	22	3
1986	22	2
1990	22	0
1998	22	3
2002	23	3
2006	23	2
2010	23	0
2014	23	3
2018	23	1
334	20	
		6%

Arsenal gjarnan kallaðir Skyttarnar (e. The Gunners) eru talsvert niðurlægðar í tölfræði fíranleikans. Litli Hver í hlutverki fjórða valdsins getur ekki skorast undan ábyrgð sinn þrátt fyrir fjölmarga stuðningsmenn Arsenal á Íslandi þar sem sannleikurinn er oft óþægilegur. Þessi svæsna tölfræði markast talsvert af því hve fáir leikmenn þessa fornfræga félags komust í HM hóp framan af.

## Bratti klúbbfélaginn



Myndin er fengin á <http://filmwashi.com/en/>

## Kvikmyndagerð

Heyrst hefur eftir mjög svo öruggum heimildum að bratti klúbbfélaginn eigi digra sjóði eftir öll ævintýrin. Þar með er ekkert honum til fyrirstöðu að hella sér út í framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsþátta hérlandis. Sagan segir að hann vilji endilega leyfa einhverjum óþekktum leikstjóra að þreyta frumraun sína á þessu sviði. Skyldi þó aldrei vera að sá hinn sami sé einmitt bratti klúbbfélaginn. Nema hvað að eftir að félaginn hafði fylgst með annarri þáttaröðinni af Ófærð sá hann sína sæng útbreidda að bjarga því sem bjargað yrði í sjónvarpsþáttagerð á Íslandi sem léki sér í morðpyttum og lögguvæli. Þótti félaganum svo illa að verki staðið að nú yrðu að koma til ný talent að rétta við iðnaðinn. Sagan segir að hann gæli nú jafnvel við að leita út fyrir landsteinana að leikurum og hafa heyrst ekki lakari mið en Bollywood að fiska slíka. Að minnsta kosti er nægt fé í boði til þess arna.

# Því miður verður eldhúsið verður lokað í janúar vegna Covid. Morgunmatur verður og ekki í boði



## Þó er hægt að panta sér samloku og kaffi

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
					1.
3.	4.	5.	6.		8.
10.	11.	12.	13.	14.	15.
17.	18.	19.	20.	21.	22.
24.	25.	26.	27.	28.	29.
31.					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

## Jólastemning í myndum

Þrátt fyrir Coviddrísilinn tókst að halda bæði jólaveisluna og litlu jólin.

Hér eru nokkrar myndir úr jólaveislunni



Hér að neðan eru myndir frá litlu jólonum, en Auður Jónsdóttir rithöfundur flutti innblásna hugvekju.




## Spurning mánaðarins

Hver er munurinn á krókódíl og flóðhesti?

### Sigga Nanna:

Vatnadýr, bæði árásargjarnir og rasshausar í vatni.



### Helgi Halldórs:

Flóðhestar nota sundbolta en krókódílar vindsængur.




### Benni: Vaxtamunur



### Gunnar Freyr: Bæði

vatnadýr. Krókódílar hafa hlutfallslega langan hala miðað við búkinn, en flóðhestar hafa varla dindil.



**Kári:** Hér átti að vera stutt tilvitnun í Sir. David Attenborough, en plássið dugði ekki.



# Fia Dahlström: Jólasiðir í Finnlandi Mikilvægast að eyða jólunum með fjölskyldu og

Jólin er mikilvæg hátíð í Finnlandi. Þar eru haldnir jólamarkaðir í öllum borgum og bæjum og stressið sem fylgir því að ljúka öllu á tilsettum tíma er raunveruleg og eykst er nær dregur jólum. Þann 24. desember hrjúfrar sig þögnin yfir allt landið og allt róast. Um morguninn borðum við hrísgrjónagraut og horfum á



**Fia Dahlström**



**Götumynd stutt frá heimili Fiu.  
(Myndin er tekin rétt fyrir jól 2021)**



**Jólatréð í stofu stendur**

jólamyndir og tónleika í sjónvarpinu. Þá er komið að því að fara í sána og „synda“ í snjónum ef hann er til staðar. Eftir að hafa slakað á í sána er kominn tími til að gæða sér á matnum. Í forrétt er boðið upp á fjölbreytta fisk- og kartöflurétti. Í aðalrétt er jólaskinka með kartöflum, gulrótum og rófum. Í eftirrétt er boðið upp á piparkökur, súkkulaði of finnskt sætabrauð með plómusultu. Að lokinni máltíðinni kemur jólasveinninn með pakka og gjafir og sungið og dansað kringum



### Sætabrauðið góða með plómusultunni

jólatréð með sveinka. Auk matarins og gjafanna er mikilvægast að eiga tíma með nánustu ættingjum og (drekka vodka).

Að lokinni viku þar sem við borðum afganga frá jólonum kemur nýárið. Í rauninni eru engar hefðir um áramótinn eins og um jólin. Við drekkum mikið og venjulega eru pylsur, franskar kartöflur og kartöflusalat. Svo förum við út og



### Dæmigerður sjónvarpsskjár í Fínalndi um jól.

horfum á flugeldana. Sumar fjölskyldur spá í framtíðina með því að bræða tin og láta leka í kalt vatn. Lögun tinsins í vatninu segir til um hvernig árið muni verða. Eins og á jólum er mikilvægast að eyða dögnum með vinum og fjölskyldu. Allt annað skiptir í raun ekki máli.

*Höfundur er Fia Dahlström sjálfboðaliði í Klúbbnum Geysi*



### Í þessu húsi býr fjölskylda Fíu (Myndin tekin rétt fyrir jól 2021)

## Sælir eru heimskir

Þó lífið hug minn leiki grátt og ljósið vilji ei skína. Þá veit ég eitt, þó viti fátt, að vitinu mun ei týna.

Því staðreynd málsins þannig er og þarf vart um að deila. Að Guð á himnum gleymdi sér og gaf mér engan heila.

Svo ei lengur þarf að spá, né í sannanir að rýna. Ef að maður ekkert á, er engu hægt að týna.

Óðinn, júlí '02

# Litli Hver



Clubhouse International  
Creating Community: Changing the World of Mental Health

## Geðheilsa er líka heilsa

Félagar athugið eftirfarandi í starfsemi klúbbsins í janúar

Vegna Covid verður breyting á opnunartíma klúbbsins í janúar. Opnað verður kl. 10.00 og lokað kl. 15.00

Morgunmatur verður ekki í boði og ekki verður framreiddur matur í hádeginu

Félagsleg dagskrá fellur einnig niður í janúar



Gleðilegt nýtt ár 2022

Ljósmynd Helgi Halldórsson

Félagi mánaðarins:



Félagi mánaðarins að þessu sinni er Fannar Þór Bergsson:

Hann hefur verið félagi í Geysi síðan 2005. Hann hefur verið klúbbsnum stöð og stytta frá fyrsta degi og staðið að miklum framfaramálum fyrir klúbbsinn. Hann er mikill áhugamaður um fjarstýrð farartæki leirmótun og kvikmyndir. Rétt er að minna á vefsíðu hans [www.leirameira.com](http://www.leirameira.com). Við óskum Fannari Þór til hamingju með tiltilinn og velfarnaðar inn í næstu ár.

Afmælisveisla félaga í janúarverður haldin þriðjudaginn 25. janúar kl. 14:00